

TRYGGINGAMÁL HAFNA

HELGI JÓHANNESSON, HRL.

Hafnasamband Íslands

28. ágúst 2015

TEGUNDIR TRYGGINGA:

1. Lögboðnar tryggingar.

- Lögboðnar brunatryggingar fasteigna ásamt viðlagatryggingu
- Lögboðnar ábyrgðatryggingar ökutækja
- Sjúkratryggingar sjómanna.

2. Samningsbundnar tryggingar:

- Sjúkratryggingar launþega skv. ákvæðum kjarasamninga.

3. Grunnvernd (frjálsar tryggingar):

- Frjáls ábyrgðartrygging vegna rekstrar hafnanna.
- Ábyrgðartrygging vinnuvéla

■ **Grunnvernd (frjálsar tryggingar) frh:**

- Húftrygging hafnsögubáta
- P&I trygging á hafnsögubáta (undir 300 rúml)
- Lausafjártryggingar t.d. á skrifstofum og hafnarhúsum.
- Kaskótrygging ökutækja
- Húftryggingar vinnuvéla

Auk þessa býður t.d. VÍS upp á t.d. almenna slysa- og sjúkratryggingu fyrir hafnarstjóra, húseigendatryggingar fyrir húseignir hafnanna, eignatrygging t.d. Fyrir tölvur, myndavélar, talstöðvar oþh.

HÚFTRYGGINGAR HAFNSÖGUBÁTA

- Húftrygging skipa tekur til tjóns, sem verða á skipi og fylgifé þess, vegna skyndilegra og óvæntra óhappatilvika svo og til tjóna sem rekja má til galla í efni skips, kostnaðar við björgun og þátttöku í sameiginlegu sjótjóni auk ýmiss kostnaðar sem fylgir tjónsviðgerð. Þá tekur tryggingin til tjóns sem skipið veldur með árekstri eða á annan hátt, enda sé vátryggingartaki ábyrgur að lögum.
- Segja má að þetta sé n.k. kaskótrygging skipa.
- Trygging sem hafnsögubátar Faxaflóahafna eru með er samkvæmt enskum skilmálum sem eru betri en þeir skilmálar sem tryggingafélögin bjóða almennt upp á.
- Sú trygging sem þeir eru með svokallað „new for old“ ákvæði í skilmálum.

NÁNAR UM P&I TRYGGINGU SKIPA

- Samkvæmt 171 gr. a siglingalaga nr. 34/1985 skulu útgerðarmenn íslenskra skipa sem eru 300 brúttótonn og stærri og útgerðarmenn allra erlendra skipa af sömu stærð sem koma í íslenskar hafnir tryggja skip sín tryggingu vegna tjóns sem þeir valda þriðja aðila með skipum sínum (herskip undanþegin).
- Með tryggingu er átt við tryggingu með eða án sjálfsábyrgðar sem samanstendur t.d. af vátryggingu af þeirri tegund sem meðlimir í International Group of P&I Clubs veita og öðrum skilvirkum tegundum trygginga (þ.m.t. staðfestri sjálfsáhættutryggingu) ásamt fjárhagslegri tryggingu með svipuð skilyrði tryggingaverndar.
- Líta verður á P&I tryggingu hafnsögubáta sem hluta af frjálsum (valkvæðum) tryggingum, enda bátarnir minni en 300 brúttótonn.
- Þess ber að geta að ef frjáls ábyrgðartrygging hafna er keypt þá gildir hún einungis innan hafnasvæðanna. Tjón sem dráttarbátur myndi valda utan hafnarsvæðis væri þá ekki bætt úr þeirri tryggingu, en P&I trygging hafnsögubáts myndi taka á slíkum tjónum.

VIÐLAGATRYGGING

- Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er að vátryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara, þ.e. eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða.

- 5. gr. laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands:

„Skylt er að vátryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá vátryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi. Vátryggingarskyldan nær einnig til lausafjár sem vátryggt er almennri samsettri vátryggingu er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík vátrygging undir eignatryggingar samkvæmt [22. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi]. 1) Sé brunatrygging á lausafé innifalin í aláhættutryggingu (all risks vátryggingu) eða sértryggingu, t.d. fiskeldistryggingu, skal lausaféð ekki viðlagatryggt, nema með sérstöku samþykki stjórnar stofnunarinnar“.

5. GR. LAGA NR. 55/1992 FRH.

- *„Einnig er skylt að vátryggja neðangreind mannvirki þótt þau séu ekki brunatryggð:*
 1. *Hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.*
 2. *Hafnarmannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.*
 3. *Brýr sem eru 50 m eða lengri.*
 4. *Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, í eigu hins opinbera.*
 5. *Síma- og fjarskiptamannvirki í eigu hins opinbera.*
- *[6. Skíðalyftur.]2)*
- *Vátryggja má eignir, sem nefndar eru í 2. mgr., annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands.*
- *Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um vátryggingarskyldu eftir 2. mgr., þar á meðal skal tilgreina hvaða flokkar muna teljist til greindra mannvirkja“.*

ALMENNAR BÓTAREGLUR OG FRJÁLS ÁB. TRYGGING

- Þar sem höfn (eða sveitarfélag sem rekur höfn) er með frjálsa ábyrgðartryggingu vegna rekstur hafnarinnar myndi viðkomandi trygging að öllu jöfnu taka á þeim tjónum sem verða í rekstri viðkomandi hafnar í samræmi við skilmála viðkomandi tryggingar.
- Hvað tjón varðar á hafnarmannvirkum af völdum skipa myndu húftryggingar viðkomandi skipa bæta þau tjón. Í þeim tilvikum sem ekki er um tryggingaskyld skip eða báta að ræða myndu viðkomandi hafnaryfirvöld geta sótt bætur til eigenda skipanna/bátanna og/eða þess er ber ábyrgð á viðkomandi tjóni eftir almennum skaðabótareglum.

RAUNHÆF DÆMI:

- **Skip sem t.d. brennur á úthafinu og er dregið í land getur orsakað ýmsan kostnað viðkomandi hafnar t.d. í formi vinnu dráttarbáta, vöktunar, foks eða leka spilliefna o.fl.:**
- Ekki er hægt að kaupa tryggingar fyrir hafnir vegna vangreiddra iðgjalda eða vangreidds kostnaðar sem til fellur t.d. vegna björgunar þegar skip er dregið til hafnar. Viðkomandi hafnaryfirvöld ættu því að neita að taka á móti slíku skipi nema útgerð skipsins ábyrgist kostnað.

- **Höfn selur rafmagn og útvegar gegn skilagjaldi kapal úr tengiboxi um borð í bát. Afhending rafmagnsins er því um boð í bátnum. Bruni verður sem rekja má til lélegs rafmagnskapals eða ófullnægjandi umbúnaðar:**
- Frjáls ábyrgðartrygging viðkomandi hafnar gæti tekið á svona tjóni ef um er að ræða sök eða vanrækslu af hálfu starfsmanns viðkomandi hafnar. Dæmi um þetta er ef augljóst er að rafmagnskapallinn sem afhentur er uppfyllir ekki kröfur um gæði eða ástand. Frjálsar ábyrgðartryggingar bæta hins vegar almennt ekki brunatjón en húftryggingar báta bæta tjón á þeim vegna bruna og brunatryggingar húsa bæta tjón sem verða á fasteignum vegna bruna.

- **Bátur brennur við bryggju og veldur tjóni á hafnarmannvirkum:**
- Hafnarmannviki eru ekki brunatryggð nema um húsnæði sé að ræða. P&I trygging viðkomandi skips myndi bæta svona tjón, enda sé slík trygging á skipinu. Ef skipið eða báturinn er ekki með P&I tryggingu gæti viðeigandi höfn væntanlega einungis fengið tjónið bætt af hálfu þess sem ábyrgð ber eftir almennum skaðabótaeoglum.

- **Ef aðrir en starfsmenn hafna nota löndunarkrana og tjón verður hver ber ábyrgð:**
- Almennt myndi viðkomandi kranastjóri bera ábyrgð eftir almennum reglum. Einungis ef hægt væri að sýna fram á gáleysi af hálfu hafnaryfirvalda eða bilunar í krananum gæti ábyrgðin færst yfir á höfnina. T.d. ef maður sem ekki hefur tilheyrandi þekkingu eða réttindi fær afnot kranans.

- **Tjón á brimvarnargarði. Viðlagatrygging hafnar greiðslu þar sem einungis hafnarmannvirki eru tryggð hjá þeim:**
- Túlkunaratriði hvað teljast hafnarmannvirki.

- **Hafnsögumaður slasast þegar hann fer milli skipa:**
- Slysatrygging launþegans (hafnsögumannsins) myndi væntanlega taka á þessu tjóni, hvort sem hann fer milli skipa í eigu hafnarinnar eða annarra, enda sé um að ræða tjón sem verður í starfi.

LOKAORÐ:

- Ljóst er að tryggingavernd hafna er almennt nokkuð skýr og flest tjón sem verða falla innan trygginga sem annað hvort eigendur skipa/báta eru með eða innan trygginga sem hafnir eru með, hvort sem er skyldutryggingar eða frjálsar tryggingar.
- Ávallt geta þó komið upp tilvik sem falla utan tryggingaverndar auk þess sem óska má eftir sérstakri vátryggingavernd fyrir tiltekin tilvik. Slíkar „sértryggingar“ eru þó almennt mjög dýrar og ná þá til tilvika sem eru svo fátíð að fjárfesting í slíkum tryggingum væri ekki réttlætanleg. Skoða þarf hvert tilvik og aðstæður á hverjum stað í þessu tilliti.